

REGLUGERÐ

um skoðun tækja, sem hæf eru til að framleiða jónandi geisla.

1. gr.

Framkvæma skal, eigi sjaldnar en annað hvort ár, skoðun á þeim tækjum, sem hæf eru til að framleiða jónandi geisla og leyfi ráðherra þarf fyrir.

2. gr.

Skoðunin skal framkvæmd af mönnum, sem til þess eru settir af landlækni.

3. gr.

Skoðunarmönnum skal heimill frjáls aðgangur að sérhverjum þeim stað, þar sem þau tæki, sem reglugerð þessi tekur til, eru notuð eða geymd, í því skyni að framkvæma á þeim skoðun, enda ber að gæta þess, að skoðunin valdi sem minnstri röskun á daglegri starfsemi viðkomandi tækja.

4. gr.

Skoðunarmenn skulu athuga ástand tækjanna og hvort viðeigandi öryggisráðstafana sé gætt við notkun þeirra.

5. gr.

Skoðunarmenn gefa landlækni skýrslu um athuganir sínar og gera tillögur um úrbætur, þar sem þeir telja þeirra þörf.

6. gr.

Landlæknir fyrirskipar eiganda tækis að framkvæma þær lagfæringar, sem skoðunarmenn telja nauðsynlegar og séu lagfæringar eigi framkvæmdar innan þess frests, sem landlæknir tiltekur, getur landlæknir bannað notkun tækisins þar til lagfæring hefur farið fram.

7. gr.

Eigandi tækis, sem skoðunarskyll er samkvæmt reglugerð þessari, skal greiða sérstakt skoðunargjald, sem varið skal til að standast kostnað við skoðunina.

Skoðunargjaldið skal vera sem hér segir:

Röntgenskoðunartæki (diagnostik)

- | | |
|--|------------|
| 1. Skyggni- og myndatökutæki allt að 50 mA | kr. 400.00 |
| 2. Tæki allt að 500 mA með 1 röntgenlampa | — 600.00 |
| Fyrir hvern aukalampa greiðist kr. 150.00 | |
| 3. Tæki 500 mA og þar yfir með allt að 3 röntgenlömpum | — 1200.00 |
| Fyrir hvert tæki að auki í sömu stofum greiðist kr. 300.00 | |

Röntgenlækningatæki (therapi)

- | | |
|--|-----------|
| 4. Tæki allt að 100 kv. | — 1200.00 |
| 5. Tæki allt að 250 kv. | — 2000.00 |
| Fyrir hvern aukalampa greiðist kr. 500.00 | |
| Fyrir hvert tæki að auki í sömu stofum greiðist kr. 750.00 | |

Skoðunarmenn innheimta skoðunargjaldið um leið og þeir framkvæma skoðunina og gera grein fyrir því til landlæknis.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. gr. laga um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, nr. 95, 20. desember 1963, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. ágúst 1964.

F. h. r.
Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 191.

17. ágúst.

AUGLÝSING

um sendiferðabifreiðir skv. tollskrárnúmeri 87.02.36 og athugasemd 4. við 87. kafla tollskrárinnar í lögum nr. 7 frá 29. apríl 1964.

1. gr.

Bifreið telst því aðeins sendiferðabifreið samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.36, að hún sé gerð til flutnings á varningi, yfirbyggð og fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

1. Að í bifreiðinni sé aðeins sæti fyrir bifreiðarstjóra og farþega við hliðina á honum.
2. Að fyrir aftan þessi sæti sé aðeins vörurúm ekki styttra en 1.4 metri og í því engin sæti, hvorki föst né laus, eða nokkur annar umbúnaður ætlaður til að festa í sætum eða þess háttar til flutnings á fólki.
3. Að ekki séu gluggar eða rúður á hliðum bifreiðarinnar fyrir aftan sæti bifreiðarstjóra.

Bifreiðin skal samkvæmt ákvæðum 4. aths. við 87. kafla tollskrárinnar auðkennd með sérstökum merkjum, bókstafnum S, rauðum á hvítum grunni, og skulu merkin fest á bifreiðina hjá skrásetningarnúmerum hennar, og er óheimilt að fjarlægja þau af bifreiðinni meðan kvöð þessi helzt.

Í skoðunarvottorði bifreiðarinnar skal þess getið, að hún sé tollafgreidd sem sendiferðabifreið samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.36.

2. gr.

Sendiferðabifreið telst því aðeins til nr. 87.02.36, að eigandi hennar gefi við tollafgreiðslu skriflega yfirlýsingu um eftirtalin atriði:

- a. Að bifreiðinni skuli ekki breytt svo, að hún hefði fallið undir hærri tollflokk, ef hún hefði verið þannig innflutt.
- b. Að sé brotið í bága við þetta, skuli þegar greiddur af bifreiðinni mismunur þeirra aðflutningsgjalda, sem af henni voru greidd við innflutning, og þeirra aðflutningsgjalda, sem greiða hefði átt af henni, ef framangreind yfirlýsing hefði ekki verið gefin, þó að frádreginni 20% fyrningu fyrir hvert ár frá tollafgreiðsludegi.

Bifreiðin skal vera að lögveði fyrir greiðslu þeirri, er um ræðir í b-lið hér að framan, og má tollyfirvald láta taka bifreiðina úr umferð og selja hana samkvæmt ákvæðum 28. gr. laga nr. 68/1956, ef greiðslan er ekki innt af hendi.

Fjármálaráðuneytið, 17. ágúst 1964.

F. h. r.
Sigtr. Klemenzson.

Björn Hermannsson.